



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 23. september  
2019  
USK2019060030  
8.3

Skóla- og frístundaráð

***Fyrirspurn um húsnæðismál Fossvogsskóla. Tilvísun í mál SFS2019060111.***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Komið hefur í ljós að mygla í þaki Fossvogsskóla er talsvert meiri en talið var í fyrstu og hefur leitt til þess að þaksperrur eru skemmdar vegna raka og þær þurfi að fjárlægja. Í ljósi þess má búast við að framkvæmdir við skólann geti tafist. Óskað er upplýsinga um hvort umræddum framkvæmdum verði lokið fyrir skólabyrjun í haust og ef ekki til hvaða ráðstafanna verði gripið".

Svar: Staðan á framkvæmdum við Fossvogsskóla 20. september 2019.

Álmurnar Austurland og Meginland eru komnar í fullan rekstur.

Verklegum framkvæmdum innandyra í Vesturlandi líkur í lok nóvember.

Framkvæmdir utandyra (frístund): Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdum muni ljúka 18. nóvember.

Meðfylgjandi er greinargerð samræmingaraðila á verkstað, Kristins J. Gíslasonar KJG Ráðgjöf verkfræðistofu.

Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar  
á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Greinargerð KJG Ráðgjöf ehf.

## Greinargerð

<b>Verkheiti:</b>	Fossvogsskóli - Ýmsar framkvæmdir	<i>Dags. 20.09.2019</i>
<b>Málefni:</b>	Greinargerð til Agnar Guðlaugssonar USK	
<b>Höfundur:</b>	Kristinn J. Gíslason	
<b>Hönnuðir:</b>	Verkís, Efla, VSÓ, Mannvit, TGH arkitektar	

### 1. Almenn

Framkvæmdir sem verið er að vinna í Fossvogsskóla í sumar og haust eru: Endurbætur vegna rakaskemmda innanhúss, endurnýjun þaka Vestur- og Meginlands, endurnýjun lotræsisamstæðna Vestur- og Meginlands, framkvæmdir í matsal, lóðarframkvæmdir, glerveggur í bókasafni og reglubundið viðhald skólans.

### 2. Rakaskemmdir

Aðgerðum vegna rakaskemmda í Megin- og Austurlandi er lokið að undanskildu rými frístundar í kjallara Meginlands. Það rými verður klárað þegar framkvæmdum við sögun veggja í matsal líkur. Aðgerðum vegna rakaskemmda í Vesturlandi er lokið.

### 3. Framkvæmdir innanhússfrágangur Austur-, Megin- og Vesturlands

Framkvæmdum innanhúss við Austur- og Meginland er lokið.

#### Innanhúss framkvæmdir Vesturlands:

Verið er að setja upp kerfsloft í skólastofum. Rafvirkjar eru að setja upp lampa og leggja raf- og smáspennulagnir. Málara eru að spartla og mála kennslustofur. Lokið er við að einangra og setja rakavarnarlag á miðrými. Uppsetningu loftræsisamstæðu er lokið, unnið er við uppsetningu dreyfara í skólastofur.



#### Þak Vesturlands

Framkvæmdir hafa gengið vel og verið er að hefja vinnu við að setja bárujárn á vesturþekju. Búið er að setja nýja þakklæðningu og sperru á miðhluta þaksins skv. fyrirskrifuðum aðgerðum Verkís.

#### Þak Meginlands:

Framkvæmdir eru á lokastigi lokið við að setja bárujárn á þak, eftir er að setja Polycarbonate plötur á þakglugga yfir íþróttahúsi, þær plötur koma til landsins í október.

#### 4. Lóðarframkvæmdir

Lóðarframkvæmdir ganga vel, búið er að forma og þökuleggja alla hóla nema einn, búið er að leggja drenlagnir og fjölga niðurföllum í lóð.



#### 5. Matsalur og veggir á lóð

Framkvæmdir eru um það bil á áætlun, búið er að loka hurðargati og gluggum sem steypt verður í. Fyrstu sökklar, einn veggur og fætur stoðveggja voru steyptir í gær.

##### Fundir - PIAB

Vikulegir verkfundir hafa verið haldnir og verða haldnir til verkloka. Öll gögn þessara verka eru sett inn á PIAB verkefnavef Reykjavíkurborgar.



#### 6. Verklök

Verklök innanhúss eru áætluð í lok nóvember, verklök þaks Vesturlands eru áætluð fyrri hluta október. Vinnu við þak Meginlands lýkur í október. Verklök sögunar veggja í matsal og veggja á lóð eru áætluð 18. nóvember. Verklök lóðarfrágangs eru áætluð í lok nóvember.

#### Tilvitnanir - Viðhengi

##### Undirskrift:



**Kristinn J. Gíslason**  
Verkfræðingur M.Sc.